

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Félagaréttur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Félagaréttur (30%)
ATH. Prófið er tvískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)
Félagaréttur (30%).

Prófdagur: 4. nóvember 2015 Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð 4
vegna þessa hluta prófsins,
(þ.m.t. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Krossar (12%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Ásamt firmaritun fyrir hönd hlutafélags, eða annars félags með takmarkaðri ábyrgð, skulu vera undirrituð nöfn þeirra sem hafa rétt til að rita firmað.

- Rétt
- Rangt

2. Í skipulagsbundnum félögum er skipulag þeirra leitt af settum lögum og samþykktum sem eru grundvöllur að starfsemi félagsins og gera það starfshæft sem sjálfstæður lögaðili.

- Rétt
- Rangt

3. Prókúra félags er veitt af félagsstjórn.

- Rétt
- Rangt

4. Hluthafar í einkahlutafélagi mega aldrei vera færri en tveir.

- Rétt
- Rangt

5. Skrá ber hlutafélag hjá fyrirtækjaskrá eigi síðar en 6 mánuðum áður en hlutafélagið gerist aðili samnings sem varðar það hærrí fjárhæð en eigið fé þess.

- Rétt
- Rangt

6. Stofnendur hlutafélags skulu undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá) nema tilgangur félagsins sé einungis kaup á hlutabréfum.

- Rétt
- Rangt

7. Megineinkenni sameignarfélaga eru persónuleg ábyrgð eigenda á skuldbindingum sameignarfélagsins og mikil tengsl og traust milli eigendanna.

- Rétt
- Rangt

8. Samlagsfélag er félag þar sem sumir félagsmenn bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn einungis ábyrgð með því fé sem þeir láta af hendi rakna til félagsins samkvæmt félagssamningi.

- Rétt
- Rangt

9. Í sameignarfélögum þarf 1/3 félagsmanna til að skuldbinda sameignarfélagið.

- Rétt
- Rangt

10. Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í einkahlutafélagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur sá hluthafi og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn á hlutum sínum.

- Rétt
- Rangt

11. Ef einkahlutafélag er yfirtekið af hlutafélagi við samruna gilda ákvæði XIV. kafla laga um einkahlutafélög um slit þess félags.

- Rétt
- Rangt

12. Endurskoðendur hlutafélags eru kosnir af stjórn þess.

- Rétt
- Rangt

II. Ritgerð (18%)

1. Fjallið um umboðsreglur hlutafélaga (hf). og rétt hæð stjórnarstofnana hlutafélags (10%).
2. Fjallið í stuttu máli um hækkun hlutafjár hlutafélaga, sjónarmið sem gæta þarf að við hlutafjárhækkun og helstu ástæður hlutafjárhækkunar (hf.) (8%).